

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 257/2018

2021/EES/62/36

frá 5. desember 2018

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) og XX. viðauka (Umhverfismál)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 frá 20. nóvember 2013 um endurvinnslu skipa og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1013/2006 og tilskipun 2009/16/EB ⁽¹⁾.
- 2) XIII. og XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 56b (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/16/EB) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„– **32013 R 1257**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 frá 20. nóvember 2013 (Stjtíð. ESB L 330, 10.12.2013, bls. 1).“

2. gr.

XX. viðauka við EES-samninginn verður breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 32c (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006):

„– **32013 R 1257**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 frá 20. nóvember 2013 (Stjtíð. ESB L 330, 10.12.2013, bls. 1).“

2. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 32fg (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/632/ESB):

„32fh. **32013 R 1257**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 frá 20. nóvember 2013 um endurvinnslu skipa og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1013/2006 og tilskipun 2009/16/EB (Stjtíð. ESB L 330, 10.12.2013, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Í 10. tl. 1. mgr. 3. gr. er orðunum „eða í samræmi við tilskipun ráðsins 94/57/EB, eftir því sem við á“ bætt við á eftir orðunum „reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 391/2009“.
- b) Í 4. gr. og 14. gr. ber að skilja „viðeigandi löggjöf Sambandsins“, „ákvæði í lögum Sambandsins“ eða „löggjafar einstakra aðildarríkja eða Sambandsins“ sem þau ákvæði EES-samningsins sem eiga við.
- c) Í 16. gr.:

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 330, 10.12.2013, bls. 1.

- i) í a-lið 1. mgr. er eftirfarandi orðum bætt við á eftir orðunum „3. mgr. 14. gr.“:
- „, eða sem eru staðsettar í EFTA-ríki og það EFTA-ríki hefur tilkynnt um þær til Eftirlitsstofnunar EFTA í samræmi við 3. mgr. 14. gr.“,
- ii) í 2. mgr. koma orðin „staðsettar á Evrópska efnahagssvæðinu“ í staðin fyrir orðin „staðsettar í aðildarríkjunum“,
- iii) í 6. mgr. er eftirfarandi undirgrein bætt við:
- „Hvað þessa grein varðar skal Eftirlitsstofnun EFTA senda framkvæmdastjórninni allar viðeigandi upplýsingar sem henni berast frá EFTA-ríki í samræmi við fyrstu undirgrein eða 14. gr.“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. desember 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. desember 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.